

Hagnýt íslenska fyrir erlenda nemendur



Lokaskýrsla til Sprotasjóðs UMS-17

Verkmenntaskólinn á Akureyri

Skólaárið 2018-2019

Verkefnisstjórar: Harpa Jörundardóttir og

Svava Hrönn Magnúsdóttir

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn:

Verkefnið miðar að því að skilgreina leiðir til að koma í veg fyrir brotthvarf nemenda frá námi sökum slakrar íslenskukunnáttu og að reyna að aðstoða nemendur af erlendum uppruna við að tengjast betur íslenskum samnemendum sínum.

Megintilgangur verkefnisins felst í því að finna fjölbreyttari leiðir í íslenskunámi fyrir erlenda nemendur þar sem þeir myndu í meira mæli blandast við íslenska jafnaldra sína í námi. Að sama skapi er það von skólans að með því að tengja betur erlenda nemendur við íslenska samnemendur sína verði til sterkara stuðningsnet sem myndi draga úr brotthvarfi þessara nemenda og þar með auka útskriftarhlutfall þeirra.

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði:

Við endurskoðun á íslenskukennslu erlendra nemenda hefur einna helst verið unnið með fjórar hugmyndir

Hugmynd 1

Kennsla í ÍSAN verði miðuð við *Samevrópska matsrammann fyrir tungumál*. Hugmyndin er sú að færni í ramma A jafngildi 1. þrepi, færni í ramma B jafngildi 2. þrepi og færni í ramma C jafngildi 3. þrepi. Þannig getum við mætt þeim kröfum sem Aðalnámskrá framhaldsskóla gerir til íslenskunáms. Það er ljóst að þessa áfanga sækja aðeins nemendur af erlendum uppruna og því þarf með einhverjum hætti að huga að tengingu þeirra við aðra nemendur skólans. Ætlunin er því að hafa kennslu í Menningarlæsi (MELÆ1ML05) samhliða þar sem hægt væri að tengja nemendur þessara áfanga saman í gegnum verkefnavinnu - jafningjafræðsla.

Hugmynd 2

Þeir nemendur sem hafa öðlast góða færni í málinu, annað hvort í sínum grunnskóla eða í gegnum þá ÍSAN áfanga sem skólinn býður uppá í dag, en myndu ekki ráða við námshraðann í almennum 1. þreps áföngum gætu fengið einstaklingsmiðaða kennslu með sterkum starfsbrautarnemendum í fámennum hópum. Í þessum áfanga

er verið að vinna með sömu 1. þreps áfanga og annars er gert en nemandinn fær þann tíma sem hann þarf til að ljúka öllu námsmati áfangans, hvort sem það tekur eina eða fleiri annir. Um er að ræða tilraunarverkefni á starfsbraut sem hófst með sambærilegum enskuáfanga og hefur gefið mjög góða raun. Verið er að skoða að gera slíkt hið sama við áfanga á 2. þrepi.

Hugmynd 3

Fyrir þá nemendur sem þurfa ekki að fara í ÍSAN áfanga geta nemendur farið í hefðbundna áfanga á 1. þrepi sem fyrir þau væri metinn sem 2. þreps áfangi og sá 2. þreps áfangi (ÍSLE2HS05) sem leggur áherslu á málfræði og réttitun yrði metinn sem 3. þreps áfangi hjá þeim, eins og raunin væri ef um erlent mál væri að ræða. Eftir það gætu nemendur valið sér 3. þreps áfanga t.d. í barnabókmenntum, sakamálasögum eða öðru sem þau hafa áhuga á og skólinn býður uppá. Mögulega þyrfti með þessari leið að aðlaga námsmat eitthvað, fyrir suma en líklegast ekki alla. Nemendur myndu styrkja kunnáttu sína á tungumálinu í íslensku málumhverfi með íslenskum nemendum og yrðu þar með betur útsett fyrir notkunarmöguleikum tungumálsins. Þessi leið var farin í eldri námskrá skólans þar sem nemendur tóku ÍSA 103-203-303 og eftir það tóku þeir áfanga t.d. í barnabókmenntum eða sakamálasögum til þess að uppfylla skilyrði um 15 einingar í íslensku til stúdentsprófs.

Hugmynd 4

Nemendur færu í 2. þreps áfanga í stórum blönduðum hópi íslenskra og erlendra nemenda þar sem unnið er samkvæmt námskrá VMA. Hér er einungis um að ræða þá nemendur sem hafa verið hér á landi nánast alla sína skólagöngu og eru í engu/litlu frábrugðnir íslenskum jafnöldrum sínum í íslenskuþekkingu.

Taflan á næstu síðu sýnir samantekt á þessum fjórum hugmyndum og hvernig skólinn sér fyrir sér að nemendur raðist inn eftir getu.

	Hugmynd 1	Hugmynd 2	Hugmynd 3	Hugmynd 4
Íslenskunám	Hér byrja þeir nemendur sem eru tiltölulega nýkomnir til landsins og/eða hafa litla sem enga þekkingu á íslensku	Nemendur sem hafa einhverja þekkingu á íslensku en þurfa lengri tíma til að ná markmiðum áfangans	Nemendur sem eru komnir áleiðis í íslenskunámi og teljast ráða við námsefni og yfirferð námsefnis á 1. þrepi framhaldsskóla	Hugsað fyrir nemendur sem ráða við sömu íslensku og aðrir nemendur sem eru að byrja í framhaldsskóla
Félagsleg tenging	Lögð áhersla á grunnfærni í samskiptum. Hópurinn verður alla jafna lítill (4-5 nemendur) sem ætti að skapa tækifæri til að tengja við aðra áfanga skólans t.d. MELÆ1ML05	Hér eru nemendur í áfanga með íslenskum nemendum sem eru staddir á svipuðum stað og þeir í sínu íslenskunámi. Hópaviðmið er 12-15 nemendur	Hér eru nemendur í áfanga með íslenskum nemendum sem eru staddir á svipuðum stað og þeir í sínu íslenskunámi. Hópaviðmið er 25-27 nemendur	Hér eru nemendur í áfanga með íslenskum nemendum sem eru staddir á svipuðum stað og þeir í sínu íslenskunámi. Hópaviðmið 25-30 nemendur.

Frávík miðað við áætlun verkefnisins:

Sá kennari sem sá um kennslu ÍSAN og átti að vinna að verkefninu ásamt höfundum skýrslunnar fór í veikindaleyfi aðeins stuttu eftir að vinnan hófst.

Ekki voru allir sammála um hvaða leið skyldi fara og voru kennarar við íslenskudeild skólans ekki sáttir við *hugmynd 3*, töluðu jafnvel um gjaldfellingu námsins. Einnig töldu þeir að það væri ekki eiginlegt hlutverk íslenskukennslunnar að huga að félagslegum þáttum nemendanna.

Helstu hindrarnir sem komu upp við vinnu verkefnisins

Mismunandi sýn kennara og deilda innan skólans á hlutverki sínu varðandi kennslu þeirra nemenda sem um ræðir.

Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu

- Heildstæð úttekt á íslenskunámi nemendanna.
- Að fara að kenna íslensku sem erlent tungumál.

- Finna leiðir til að blanda nemendum markvisst saman í námi
- Staða umsjónarkennara með erlendum nemendum hefur litið dagsins ljós til að skapa meira utanumhald um þeirra nám og námsframvindu
- Vilji stofnunarinnar til að hlúa að þessum nemendum, námi þeirra og velferð.

Mat á verkefninu samkvæmt umsókn:

Hefur verkefnið, eða mun það hafa, áhrif á skólastarfið í heild?

Það er nú þegar farið að hafa áhrif þar sem horft er til þess varðandi undirbúning næsta skólaárs. Óskað hefur verið eftir upplýsingum frá grunnskólum varðandi erlenda nemendur sem hyggja á nám í VMA næsta vetur, námsáætlun fyrir nýjan áfanga (*hugmynd 2*) hefur verið unnin og Samevrópski matsramminn fyrir tungumál hefur verið skoðaður með tilliti til þrepaskiptingar. Einnig hefur vinnan við verkefnið haft mikil og jákvæð áhrif á samtal um málefni erlendra nemenda þvert á deildir og hlutverk ólíkra starfsmanna innan skólans.

Niðurstöður verkefnisins:

Yfirlit yfir það sem fram kom við framkvæmd verkefnisins.

Á hverju skólaári eru alla jafnan 25 - 30 tvítýngdir nemendur eða nemendur með annað móðurmál en íslensku við nám við VMA. Mjög mismunandi er hversu lengi hver og einn hefur búið hér á landi og hversu góð íslenskukunnátta þeirra er þegar þeir innritast í skólann. Hingað til hefur skólinn ekki hafnað nemendum á þeim forsendum að íslenskukunnátta þeirra sé ekki nógu góð til að stunda nám við skólann, enda litið svo á að með því að umgangast aðra nemendur á svipuðu reki séu líkurnar meiri en minni á að þeir nái tókum á málinu og haldist í námi. Við þetta má bæta að framboð á íslenskukennslu fyrir ungt fólk í þessari stöðu er allajafna ekki í boði annarsstaðar hér á Akureyri.

Hjá sumum nemenda skólans gengur námið almennt vel og þeir eru tiltölulega færir um að sækja hefðbundið íslenskunám, í það minnsta áfanga sem tilheyrir 1. þepi. Aðrir, þeir sem hafa verið hér um styttri tíma eða hafa ekki náð eins góðum tókum á

Íslenskunni, fara í svokallaða ÍSAN-áfanga eða Íslensku fyrir erlenda nemendur. Eins og sjá má á töflunni hér til hliðar er fjöldi nemenda í ÍSAN-áföngum skólans nokkuð stöðugur, að meðaltali eru 7 nemendur í námi við skólann sem eru nokkurnvegin á byrjunarreit í sínu íslenskunámi. Á sama tíma eru 12-18 að meðaltali sem teljast vera komnir það langt í sínu íslenskunámi að þeir

Önn	Áfangi	Fjöldi nemenda
2019-1	ÍSAN1MR03	8
2018-2	ÍSAN1MR03	6
2018-2	ÍSAN1OF05	7
2018-1	ÍSAN1MR03	7
2017-2	ÍSAN1OF05	13
2017-1	ÍSAN1MR03	5
2017-1	ÍSAN1MR05	4
2016-2	ÍSAN1OF05	4
2016-1	ÍSAN1MR05	6
2015-2	ÍSAN1OF05	6
2015-1	ÍSA2036	10

Meðaltal 7

setjast í áfanga á 1. þrepi án teljandi aðstoðar. Milli þessara áfanga, ÍSAN og ÍSLE á 1. þrepi, er bil sem þurfti með einhverju móti að brúa. Því miður eru of margir nemendur sem eiga oft í miklum vandræðum í gegnum allt sitt nám og fer það þá oft þannig að þeir hverfa frá námi án formlegra námsloka. Þessa nemendur þarf skólinn að styðja enn frekar við og útbúa leið/leiðir fyrir þá til þess að geta komist áfram í því námi sem þeir hafa valið sér og er bætt íslenskukunnátta lykilþáttur í því.

Náðust markmiðin? Hvað er til marks um það?

Við teljum að markmiðin hafi náðst þar sem skólinn hefur nú uppá fjórar mismunandi námsleiðir í Íslensku að bjóða nemendum allt eftir því hver staða þeirra er. Eins hefur umsjón og utanumhald með nemendum stóraukist með tilkomu sérstaks umsjónarkennara.

Heldur verkefnið áfram innan skólans eða í öðrum skólum?

Verkefnið hefur stuðlað að því að mikilvægt samtal hefur átt sér stað á milli starfsfólks um málefni þessa nemendahóps, sem verður haldið áfram að þróa með hagsmuni nemenda að leiðarljósi.

Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum

Hugmyndin að verkefninu verður kynnt á kennarafundi og í faghópi íslenskukennara og kennara erlendra tungumála. Auk þess þarf kynning að fara fram hjá grunnskólum á svæðinu sem og skóla- og fjölskyldusviði Akureyrarbæjar. VMA heldur úti öflugri heimasíðu og er vilji til þess að kynna verkefnið þar með einhverjum hætti.



Annað sem gagnlegt er að upplýsa stjórn Sprotasjóðs um

Til að átta okkur betur á því hvað VMA væri að gera í þessum efnum var reglugerð nr. 654, 2. júlí 2009 um *rétt nemenda í framhaldsskólum til kennslu í íslensku* skoðuð og farið í að greina starf VMA samkvæmt henni. VMA er heilt yfir að standa sig varðandi reglugerðina en þó er það þannig að það má bæta persónuleg tengsl við nemendurna og fylgja þeim betur eftir t.d. með námslegum stuðningi en VMA hefur boðið uppá tíma í námsveri um þriggja ára skeið og þessir nemendur ættu að hafa aðgang að slíku úrræði.


Mat skýrsluhöfunda er að það hafi verið mjög gagnlegt, eiginlega nauðsynlegt, að fara í þá vegferð að skoða íslenskukennslu erlendra nemenda við skólann. Við töldum að við værum að standa okkur ágætlega en eftir að hafa kafað í þessi mál og lesið skýrslu um *Samfélag án aðgreiningar, Viðhorf innflytjenda á Íslandi til símenntunar og íslenskunámskeiða 2018* eftir Ómar Hjalta Sölvason og Markus Hermann Meckl, útgefið af HA árið 2019 sjáum við að víða er pottur brotinn í þessum efnum, ekki bara í framhaldsskólanum heldur einnig hjá öðrum aðilum sem sinna þessum einstaklingum.

Skýrsluhöfundar: Harpa Jörundardóttir og Svava Hrönn Magnúsdóttir

Dagsetning: 31. maí 2019

Undirskrift verkefnisstjóra
ábyrgðarskóla





Undirskrift skólustjóra að Stóðarskólum

**VERKMENNTASKÓLINN
Á AKUREYRI**